


FUNDARGERÐ BYGGINGANEFDAR BÚÐARSTÍGS 22

9. fundur bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 var haldinn 15. desember 2020 kl. 19,30 að Búðarstíg 22 og framhaldið að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var nefndin öll þau Árni Eiríksson, Eyþór H. Ólafsson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Gestur fundarins var Grímur Jónsson byggingastjóri. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Staða framkvæmda. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að viðgerðum á miðrými, norðurrými og skrifstofurými. Gólf í miðrými og norðurrými voru steypt að nýju og lagðar frárennslislagnir í skrifstofurými. Loft hafa verið gifsklædd og er nú verið að mála veggi. Afþiljað er lagnaherbergi í norðurrými. Pípulagningamenn eru komnir til starfa. Raflagnir hafa verið hannaðar, verðkönnun meðal rafvirkja verður fljótlega og kemur rafverktaki til starfa 15. janúar. Verkið gengur vel og ekkert óvænt komið upp á. Einnig hefur verið unnið hinum ýmsu verkum er varða brunavarnir.

2. Fjárhagsleg staða. Safnstjóri lagði fram yfirlit um stöðu byggingareiknings og framvindu frá síðasta bygginganefndarfundi. Þegar tekið er tillit til útistandandi krafna er staðan á reikningnum 51 milljónir króna en bókfærður virðisaukaskattur af vinnu frá 1. mars til nóvemberloka er 6,4 milljónir króna. Von er á styrk frá Mennta- og menningamálaráðuneyti að upphæð 25 millj. króna sem samþykktur hefur verið af ráðuneytinu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20,30.



The handwritten signature consists of several lines of cursive script. The first line starts with a large 'B' and ends with 'kvæmdar'. The second line starts with 'Bryndis Eir' and ends with 'Þorsteinsdóttir'. The third line starts with 'Tors' and ends with 'kvæmdar'. The fourth line starts with 'Bryndis Eir' and ends with 'kvæmdar'. The fifth line starts with 'Bryndis Eir' and ends with 'kvæmdar'.